

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 17/94
frá 28. október 1994**

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/7/EB frá 15. mars 1994 um aðlögun á tilskipun ráðsins 89/647/EBE um eiginfjárlutfall lánastofnana að því er varðar tæknilega skilgreiningu á „fjölpjóðlegum þróunarbönkum“⁽¹⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi aftan við 18. lið (tilskipun ráðsins 89/647/EBE) í IX. viðauka við samninginn á undan aðlögunarliðunum:

„ , eins og henni var breytt með:

- 394 L 0007: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/7/EB frá 15. mars 1994 um aðlögun á tilskipun ráðsins 89/647/EBE um eiginfjárlutfall lánastofnana að því er varðar tæknilega skilgreiningu á „fjölpjóðlegum þróunarbönkum“ (Stjtið. EB nr. L 89, 6. 4. 1994, bls. 17).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 94/7/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 89, 6. 4. 1994, bls. 17.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 15. desember 1994, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. október 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Sucker